

Ársskýrsla
AE starfsendurhæfingar



2017

EFNISYFIRLIT

<u>AE starfsendurhæfing/Hlutverkasetur</u>	1
Grundvallarmarkmið	1
Stjórn félagsins	1
Starfsfólk	1
Nemar í vettvangsnámi	1
<u>Hin ýmsu hlutverk/þættir starfseminnar</u>	2
Markmið	2
Námskeið	2
Listnámskeið	2
Leiklist	3
<u>Virkni og þátttaka utan Hlutverkaseturs</u>	4
Leikhús og menningarferðir	4
FC Sækó fótboltinn	4
<u>Heimsóknir í Hlutverkasetur</u>	5
<u>Árangursmat</u>	6
<u>Útrás atvinnuþátttaka</u>	8
<u>Samningur við Reykjavíkurborg</u>	8
NsN útekt	9
Jafningastuðningur og ráðgjöf	9
<u>Samningur við Vinnumálastofnun</u>	10
<u>Tafla 1. Komur, aldur og kynjahlutfall</u>	10
<u>Tafla 2. Aldursdreifing þátttakenda</u>	10
<u>Tafla 3. Fjöldi eftir flokkum</u>	11
<u>Tafla 4. Innkoma</u>	11
<u>Tafla 5. Búseta þátttakenda</u>	11
<u>Tafla 6. Tilvísunaraðilar</u>	11
<u>Tafla 7. Samfélagsþátttaka</u>	11
<u>Samstarf við úrræði og félagasamtök</u>	12
<u>Kynningarmál og fjölmiðlaumfjöllun</u>	14
<u>Nefndarstörf og þátttaka á málþingum og ráðstefnum</u>	14
<u>Endurmenntun</u>	15
<u>Þakkir stjórnar</u>	17

AE starfsendurhæfing/Hlutverkasetur

Grundvallarmarkmið Félagið AE starfsendurhæfing var stofnað 13. maí 2005. Meginmarkmið félagsins er að efla virkni fólks og auka lífsgæði þeirra sem misst hafa hlutverk í lífinu, styðja það við að ná tökum á þeim á ný eða uppgötva ný. Leiðir til að ná fram þessum markmiðum eru byggðar á hugmyndafræði valdeflingar og líkansins um iðju mannsins (MOHO). Lögð er til þekking og reynsla notenda og fagfólks og unnið út frá jafningjagrunni. Samstarfið er á forsendum hvers og eins, vilja og áhuga. Virkni er í gegnum ýmis störf, verkefni, námskeiðabátttöku og sjálfböðastörf. Þar að auki er veittur stuðningur við atvinnuleit, aðlögun á vinnustað, auk eftirfylgni.

Stjórn félagsins Stjórnin hefur verið óbreytt frá árinu 2009. Sæunn Stefánsdóttir er formaður stjórnar og Þórólfur Árnason varaformaður. Aðrir í stjórn eru Andri Árnason, Árni Gunnarsson, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir og varamaður er Elín Ebba Ásmundsdóttir, eigandi AE starfsendurhæfingar sem rekur Hlutverkasetur. Stjórnin fundaði fimm sinnum á árinu.

Starfsfólk Yfir árið störfuðu 15 starfsmenn í sjö stöðugildum. Meirihluti starfsmanna er með notendabekkingu. Fastir starfsmenn eru Anna Henriksdóttir myndlistakennari, Bergþór G. Böðvarsson NsN starfsmaður og iðjuþjálfarnir Andri Vilbergsson, Elín Ebba Ásmundsdóttir, Kristín G. Sigursteinsdóttir og Sylviane Lecoultre. Starfsmenn í hlutastarfi/tímabundnum störfum voru Guðmundur Arnar Sigursson, Heiðís Schell Traustadóttir, Kjell Þórir Seljeseth og María S. Gísladóttir. Árni Jóhann Árnason, Daníel Þórhallsson, Edna Lupita, Hólmfríður Sigurðardóttir og Orri Hilmarsson luku sínum störfum á árinu.

Nemar í vettvangsnámi og nemaverkefni Hlutverkasetur hefur árum saman verið með iðjuþjálfunarnema tengda Háskólanum á Akureyri, íslenska sem erlenda, í tveggja mánaða starfsnámi. Enda byggir Hlutverkasetur á hugmyndafræði iðjuþjálfunar. Einnig eru nemendur í félagsliðanámi frá Borgarholtsskóla farnir að kynna starfsvettvanginum og þeim þáttum virkni og valdeflingar sem lögð er áhersla á. Nemendur í fötlunarfræðum, iðjuþjálfun, hjúkrunarfræði og öðru framhaldsnámi leita til starfseminnar til að afla sér gagna fyrir námsverkefni og útskriftarverkefni og nýta sér á þann hátt þá þekkingu sem byggst hefur upp í Hlutverkasetri.

Eftirfarandi nemar voru í vettvangsnámi og verkefnavinnu:

- Sigrún Björg Steinþórsdóttir iðjuþjálfanemi á 4. ári frá Háskólanum á Akureyri var í tvo mánuði frá janúar til febrúar.
- Taryn Schulte, iðjuþjálfanemi frá University of Alberta Canada var í tvo mánuði, september til nóvember.
- Þrír iðjuþjálfanemar á fyrsta ári við Heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri, voru í tveggja daga vettvangsnámi í september.
- Tveir nemar úr félagsliðanámi Borgarholtsskóla komu í nóvember og voru í nokkra daga og kynntu sér starfseminna.
- Félagliðanemi í Borgarholtsskóla gerði lokaverkefni sitt um geðheilbrigði og tók viðtöl við notanda í apríl.
- Nemandi í fötlunarfræði, H.Í, tók eigindleg viðtöl við notendur sem höfðu verið sjálfræðissviptir til að kanna afleiðingarnar á líf þeirra.

Hin ýmsu hlutverk/þættir starfseminnar

Markmið Hlutverkasetur er opin virknimiðstöð. Markmið setursins er að aðstoða þátttakendur að komast út á almennan vinnumarkað sé þess kostur, fara í nám, hjálparstörf og/eða auka lífsgæði. Leiðarljós Hlutverkaseturs er virk samfélagsþátttaka, að sinna hlutverkum sem gefa lífinu tilgang og þýðingu, jákvæðni og kímni. Ríkur þáttur í starfinu er líka að efla félagsleg tengsl og takast á við einsemd.

Námskeið Heildarfjöldi einstaklinga sem sóttu Hlutverkasetur voru 287 (290). Námskeiðin voru 33 (54) talsins. Verktakar á árinu voru sex og sjálfboðaliðar um 20. Hlutverkasetur starfrækir fjölda námskeiða og virkniúrræða, eins og má sjá hér að neðan. Þátttaka í fjölbreyttri listsköpun skipar stóran sess í starfsseminni. Fjallað verður ítarlega um myndlistina og leiklistina hér að neðan.

Dæmi um námskeið:

- Á tali
- hláturjoga
- leiklist
- zumba-dans
- yoga-leikfimi
- LAN
- slökun
- gönguhópur
- heilsuhópur
- föndur
- saumastofa
- sjósund
- skák
- súpueldhús
- tónlistarklúbbur
- fjölbreytt listnámskeið

Listnámskeið Námskeið voru haldin alla daga vikunnar, s.s. vatnlitamálnun, opin smiðja og teikning. Einnig var boðið upp á listkynningar, pastelkrítarteikningu, klippimyndagerð, skrautskrift, akrýlmálnun, bókagerð og fl. Flest námskeiðanna eru opin og er kennt út frá ákveðnu þema 6-8 vikur í senn. Námskeiðin eru einnig í gangi yfir sumarmánuðina og er þá góða veðrið nýtt til að til að leita fanga úti við listsköpunina.

Anna Henriksdóttir myndlistarkennari stýrir námskeiðunum í félagi við Svöfu Björgu Einarsdóttur listakonu, Maríu Gísladóttur og Heiðísi Schell Traustadóttur. Að jafnaði sækja átta til tólf einstaklingar þessi námskeið í einu. En stundum mæta fleiri og þá hefur þurft að nota rýmið á ganginum. Reglulega er starfið brotið upp og haldnar Listvistarvikur sem ávallt fjalla um ákveðið þema, listamenn og aðferðir og falla þá reglubundin námskeið niður á meðan. Listvistarviku lýkur ávallt með samsýningu á þeim verkum sem unnin eru. Listvistin er líka auglýst hjá öðrum geðræktarúrræðum á stór-Reykjavíkursvæðinu og hafa notendur frá þeim geta nýtt sér tilboðið.

Helstu þemu og myndlistarsýningar á árinu

Í janúar var sett upp sýning í Grófinni í húsnæði Borgarbókasafnsins. Myndverkin voru öll unnin á haustnámskeiðum í Hlutverkasetrinu þar sem unnið var með ljóð Snorra Hjartarsonar í mismunandi myndmiðla s.s. vatnslit, akrýl og þrívíð tágaverk og óróa. Þar voru 66 verk til sýnis. Sýningin stóð frá 20. janúar til 14. mars og var sýningin auglýst opinberlega á vef Borgarbókasafnsins. Síðustu sýningarhelgina sýndi leikhópurinn spunaverk sem byggði á ljóðum Snorra.

Um miðjan febrúar var Listvistarvika. Tíu einstaklingar sköpuðu listaverk eftir könnunarferð þar sem arkitektúr og mynstur í stéttum, veggjum og handriðum voru skoðuð og greind. Verkin voru til sýnis í viku í Hlutverkasetrinu. Tvær einkamyndlistasýningar hafa verið á árinu í mars og í júlí/ágúst og stóðu þær frá tveimur upp í sex vikur. Báðir listamennirnir búa í íbúakjörnum. Um miðjan mars voru sett upp námskeið í teikningu, klippimyndum og vatnslitamálun þar sem unnið var með andlitsmyndir (portrait) og voru stjórnarmeðlimir Hlutverkaseturs fyrirmyndirnar. Tólf þátttakendur náðu að ljúka 18 myndum af stjórninni sem voru hengdar upp víða í Hlutverkasetri í tilefni af aðalfundi félagsins.

Í lok apríl var boðið upp á ný námskeið; teiknað í vír og dagbókar teiknun (í gamlar bækur). Listvistarvika var svo aftur á dagskrá í lok maí með fullt hús þátttakenda, 14 að tölu. Boðið var uppá fyrirlestra um ákveðna kvenlistamenn, aðferðir þeirra og tjáningu, áður en farið var að vinna í anda þessara kvenna með áherslu á fugla sem fyrirmyndir.

Um miðjan ágúst var boðið upp á fleiri nýjungar í námskeiðum; nælugerð, smámyndir og kvikmyndarýni. Sex til átta þátttakendur voru á hverju námskeiði. Námskeið í blekmyndum var í október þar sem tækni var notuð til að koma myndunum á framfæri í netheimi en þetta verkefni var fjölþjóðlegt. Listasmiðjan fór einnig á tónleika á Kjarvalsstöðum úr tónleikaröðinni *Töframáttur tónlistar* sem Gunnar Kvaran hélt utan um. Í leiðinni var farið í menningargöngu og fræðst um byggingar, listamenn, listmuni og fyrirtæki í nágrenninu.

Leiklist Edna Lupita, Daníel Þórhallsson og Bergþór G. Böðvarsson komu að leikstjórn leiklistarhópsins í ár. Fleiri komu einnig að leikhópnum í tengslum við leikbúningagerð, textagerð og tónlistarflutning. Hópurinn hittist einu sinni í viku í Hlutverkasetri í tvo til fjóra tíma. Virkir meðlimir eru um tíu manns en álíka margir mæta óreglulega eða leggja lið þegar mikið liggur við.

Ásthildur Kjartansdóttir, kvikmyndagerðarkona hefur haldið áfram að fylgja leikhópnum eftir og að mynda þróun hans og tjáningu. Hún fylgdi hópnum til Bratislava á Listahátíð heimilisláusra og annarrá jaðarhópa í nóvember 2016, Slóvakíu. Hún sýndi sýnishorn úr verkinu í Hlutverkasetri í maí þegar tengiliðir hátíðarinnar frá Slóveníu komu til Íslands á vegum Reykjavíkúakademíunnar Önnur verkefni sem leiklistarhópurinn hefur komið að á árinu:

- Gjöfningur í tengslum við sýningu Snorra Hjartarsonar í Grófinni. Hópurinn sérhannaði búninga í tengslum við upplestur á ljóðum Snorra. Þau fengu til liðs við sig fiðluleikara og tónlist hans tengdi atriðin saman.
- Leiklistarhópurinn frumsamdi leikverk sem hann sýndi á aðalfundi Hlutverkaseturs í apríl. Þemað í leikverkinu var stjórn Hlutverkaseturs séð með augum þátttakenda leikhópsins og samstarfið við nágrennana í Samhjálp. Aðalfundurinn er ávallt öllum opin og nokkrum samstarfsaðilum er sérstaklega boðið. Gestir í ár á aðalfundinum voru auk framkvæmdarstjóra LSH geðdeildar og starfsmanna Geðhjálp, nýráðnir verkefnastjórar Bataskólans.
- Leikhópurinn flutti eigið leikverk í tilefni opnun Bataskólans í Ráðhúsi Reykjavíkur. Þema leikverksins snerist um hugmyndafræði Bataskólans.
- Hópurinn flutti frumsamið leikverk um geðheilbrigði á vinnustöðum sem sýnt var í tilefni að alþjóðageðheilbrigðisdeginum 10. okt. í Tjarnabíó.

- Leikhópurinn sýndi nýtt leikverk, Hvar er jólaandinn? á Litlu jólum Hlutverkaseturs. Það var einskonar framhald af leikritinu: *Jólaandinn fer í það heilaga með Jólafjandanum*, sem sýnt var í hittifyrri.

Virgni og þátttaka utan Hlutverkaseturs

Leikhús og menningarferðir Nokkrir íbúar frá íbúakjörnunum mæta ekki reglulega í Hlutverkasetur en eru í hópi leikhúsvina Hlutverkaseturs.

- Tvisvar sinnum var farið í Borgarleikhúsið á árinu, á sýningarnar: *Úti að aka* (35 manns) og *Kartöfluæturnar* (20 manns).
- Farið var í Pönksafn Íslands á Núllinu (10).
- Í Tjarnaleikhúsið fóru tíu manns á *Fyrirlestur um eitthvað fallett*.
- Örnámskeið hjá Dale Carnegie (10).
- Bíóferð á vegum Geðhjálpar í Bíó Paradís á leikna heimildamynd *I, Daniel Blake* (25) sem fjallaði m.a. um neikvæðar afleiðingar starfsgetumats sem sett hefur verið á í Bretlandi og byggir m.a. á sömu gátlistum og Tryggingastofnun Íslands notar við mat á fötlun og vinnufærni.
- Í maí sýndi Bíó Paradís norsku myndina *Cause of Death* um alvarlegar aukaverkanir geðlyfja (20) á vegum Geðhjálpar.
- Geðhjálp sýndi í sínum húsakynnum myndina *Crazywise* og *Emerging Proud* heimildakvikmyndir gerðar af bandarískum notendum (7).

Setrið bauð upp á faðmlög og knús á Menningarnótt í Reykjavík í níunda sinn og mættu um 15 manns sem skiptust á að faðma áhugasama vegfarendur. Einnig fóru átta manns í hestaferð á vegum Íshesta í Hafnafirði. Í ár bauðst notendum Hlutverkaseturs að fara í sumarþustaðaferð í boði Bergheima í Sólheimum. Þátttakan var góð og fóru 17 manns í ferðina. Batamiðstöðin bauð notendum Hlutverkaseturs að koma með í sameiginlega Viðeyjarferð í lok sumars þar sem kúmen var tínt og söguleg leiðsögn fengin um eyjuna.

Fótboltaverkefnið FC sækó Verkefnið hefur vaxið og dafnað, fengið viðurkenningar, umfjallanir í fjölmiðlum og hrós. Verkefnið er afrakstur af einni NsN úttektinni, þar sem áherslan var að finna út hvaða iðju starfsmenn hefðu áhuga á. Kom í ljós að á meðal karlmannna var mestur áhugi á fótbolta. Tilraun var gerð, sem tókst, hvort hægt væri að smita þennan áhuga yfir á íbúana. Verkefnið er samstarf Hlutverkaseturs, velferðarsviðs Reykjavíkur og Geðsviðs LSH. Yfirmenn velferðarsviðs Reykjavíkur og geðsviðs LSH hafa hlúð vel að verkefninu. Á árinu voru haldnir sex fundir í stjórn og óformlegri undirbúningsnefnd vegna fyrirhugaðrar knattspyrnu- og kynnisferðar FC Sækó. Í stjórninni eru tveir starfsmenn frá HLVS og LSH og sex notendur. Æfingatímar voru tvisvar í viku og þrisvar í viku yfir sumartímann. Á vormánuðum hófst tími í Fífunni í Kópavogi, sem bætti aðstöðuna til æfinga. Æfingatímar á árinu voru alls 96 og tóku fimm til 24 manns þátt í fótboltatímum hverju sinni og þrjár til sjö stuðningmenn komu til að fylgjast með.

Yfirlit leikja á árinu:

- Tveir æfingaleikir við knattspyrnufélagið Ösp voru haldnir á árinu. Í maí var haldið innanhússmót í Valsheimilinu. Þar tóku sex lið þátt. Þátttakendur og áhorfendur voru um 90 talsins. Kvennalið tók í fyrsta skipti þátt og kom meirihlutinn frá Laugarási.

- Um miðjan maí fóru átta liðsmenn FC Sækó í fimm daga undirbúningsferðalag til Bergen í Noregi en þar er knattspyrnuverkefni svipað og FC Sækó. Fótboltalið þeirra ráðgerir að heimsækja Ísland á næsta ári.
- Um sumarið tóku FC Sækóliðar þátt í Gulldeildinni í fótbolta þar sem spilaður er sjö manna bolti. Í Gulldeildinni eru mörg liðanna skipuð leikmönnum sem æfa reglulega í neðri deildum í knattspyrnu. Í Gulldeildinni spilaði liðið 12 leiki, 50 mínútur hver leikur og tóku 10 – 15 manns þátt í leikjunum 12.
- Í lok maí tók FC Sækó þátt í knattspyrnumóti með Old boys - liðum frá Þrótti og Breiðabliki. Alls voru sex lið skráð á mótið og var FC Sækó með tvö lið, alls 18 liðsmenn.
- Í júní tók FC Sækó þátt í Special Olympics sem haldið var í Laugardalnum. Tólf frá FC Sækó tóku þátt. Í júlí stóð FC Sækó fyrir knattspyrnumóti á Kleppi, þar öttu átta lið kappi og voru átta liðsmenn í hverju liði. Margir áhorfendur og stuðningsmenn mættu til að hvetja liðin áfram. Þess má geta að sameinað lið Hlutverkaseturs, Vinjar og Geðhjálpur vann mótið og lið FC Pink frá skrifstofu velferðarsviðs var með besta klappliðið. Lið búsetudeildar geðsviðs Akureyrarbæjar tók þátt í fyrsta sinn og tók með sér bikar heim fyrir bestu búningana. Má nefna að lið Akureyrar var stofnað í framhaldi af því að tveir starfsmenn og notendur FC Sækó fluttu kynningu á málþingi á vegum heilbrigðisvísindasviðs HA um mikilægi hreyfingar fyrir geðheilbrigði.
- Í september tók FC Sækó þátt í knattspyrnumótinu *Fótolti án aðgreiningar/Football without Restrictions*, sem haldið var í Egilshöll. Tólf lið tóku þátt í mótinu og var spilaður fimm manna fótolti en í hverju liði voru 8 til 9 liðsmenn. FC Sækó var með tvö lið á mótinu og tóku 17 liðsmenn, þar af 14 notendur og þrír starfsmenn, þátt.
- Um miðjan nóvember fengu FC Sækóliðar til sín aðila sem hefur það hlutverk að afla styrkja vegna knattspyrnu- og kynnisferðar FC Sækó til Noregs í maí 2018. Fundað var með þeim aðila sex sinnum á árinu og sá hann einnig um að koma upp heimasíðu fyrir FC Sækó www.fcsaeko.is.
- Bergþór, Orri og Andri voru í átta manna hópi sem fór í undirbúnings- og kynnisferð til Bergen vegna FC Sækó fótoltaverkefnisins.
- Í desember tóku 12 FC Sækóliðar þátt í jólafótoltamóti knattspyrnufélagsins Nes í Reykjanesbæ. Keppt var í 7 manna bolta og var FC Sækó með 2 lið en alls tóku 8 lið þátt.

Heimsóknir í Hlutverkasetur

Gissur Pétursson og Hrafnhildur Tómasdóttir komu frá Vinnumálastofnun í byrjun árs til að skrifa undir 3 ára samning við AE starfsendurhæfingu /Hlutverkasetur og með þeim samningum er starfsemi Hlutverkaseturs tryggð út árið 2019. Ýmist koma starfsmannahópar til að kynna sér starfsemina í faglegu tilliti eða til að koma á samvinnu á milli sín og Hlutverkaseturs. Aðrir koma ásamt skjólstæðingum með tilliti til að taka þátt í starfssemi okkar.

- Starfsmenn Hátúnsteymis komu í kynningu í janúar og einnig komu starfsmenn frá Þjónustukjarnanum í Rangárseli í heimsókn í júní.
- Fjórir hópar af skjólstæðingum og starfsmönnum Þjónustumiðstöðva Reykjavíkur komu í heimsókn á árinu, frá Þjónustumiðstöð Breiðholts, Geðheilsumiðstöð Breiðholts og Þjónustumiðstöð Háaleitis- og Laugardals.
- Tveir hópar starfsmanna og skjólstæðinga frá Janus komu í heimsókn á árinu til kynna sér það sem er í boði.
- Hópur (14) fagfólks kom frá meðferðargeðdeildinni Laugarás kynnti sér starfsemina í maí.

- Í maí komu 15 manns sem voru á fjárhagsaðstoð frá borginni sem tengdust þjónustumiðstöð Laugardals.
- Aðstoðarmenn félags-og jafnréttismálaráðherra kynntu sér starfsemina í október.
- Starfsmenn geðteymis LSH komu á kynningu í október.
- Í september kom hópur læknanema að kynna sér starfsemina. Einnig hafa nokkrir hópar af sjúkraliðanemum komið í kynningu. Hópur á vegum Mímis kom í heimsókn með nemendahóp úr verkmenntaskóla í Finnlandi. Þessi heimsókn var hluti af Nordplus Voksen verkefninu Knowledge, Experience and Your Best Practices (KEY). Verkefnið snýst um skiptinemaheimsóknir á milli landa. Þátttakendur voru nemendur í félagsliðanámi hjá Mími og nemendur frá Finnlandi. Þeir lögðu sérstaka áherslu á að kynna sér markmið og leiðir sem við höfum verið að þróa.
- Hópur kvenna á vegum Hjálparstarfs Kirkjunnar í samstarfi við Hjálpræðisherinn sem heldur námskeið fyrir konur sem ekki eru á vinnumarkaðnum, komu í heimsókn til að athuga hvort samtökin gætu nýtt sér hluta úr starfsemi Hlutverkaseturs.
- Einnig kom hópur frá Hugarorku, samtökum heilaskaðaðra til að kynna sér starfsemi okkar.
- Tíu manna hópur frá Bratislava, Slóvakíu, sem styrktur er af Evrópusambandinu kom í heimsókn. Hann samanstóð af forsvarsmönnum eða stjórnarmönnum í félagasamtökum og góðgerðarfélagum. Mörg þeirra nota óvenjulegar leiðir í vinnu með jaðarsettum hópum.

Árangursmat

Reglulegt árangursmat fer fram í Hlutverkasetri og hafa nemendur í starfsnámi einkum spreytt sig á því að leggja fyrir kannanir á ýmsu formi s.s. viðtöl og spurningalista og eru úrvinnsluáferðir ýmist eigindlegar eða megindlegar. Hér verðar kynntar niðurstöður tveggja nemendakannana og einnig niðurstöður úr Mömmuleikninámskeiðinu.

Sigrún Björg Steinþórsdóttir, iðjuþjálfanemi á 4. ári, Háskólans á Akureyri skoðaði nýlega eigindlega kanadíska rannsókn framkvæmda af Graham C. og samstarfsmönnum. Grein þeirra; A Qualitative study Exploring Facilitators for Improved Health Behaviors and Health Behavior Programs: Mental-health Service Users' Perspectives og birtist í *The Scientific World Journal*, 2014. Sigrún bar niðurstöður þeirra rannsóknar við niðurstöður kannana sem hafa verið gerðar í Hlutverkasetri sl. 10 ár og birst hafa í ársskýrslum setursins. Rannsókn Grahams og samstarfsmanna kannaði sjónarhorn notenda, hvað það var að þeirra mati sem hjálpaði í geðrænum veikindum til að lifa heilsusamlegu lífi og hvers konar heilsueflandi starfsemi þeim langaði að taka þátt í. Eftirfarandi þemu birtust: Valdefling, sjálfsvirðing, persónulegur vöxtur, félagslegur stuðningur, regluleg dagskrá og aðgengi að fjölbreyttri þjónustu. Dæmi um heilsueflandi iðju voru m.a. líkamleg þjálfun, skapandi iðja, fræðsla um mataræði og stuðningshópar. Ársskýrslur Hlutverkaseturs sýndu samsvörun við niðurstöður rannsóknarinnar s.s. varðandi valdeflingu, að efla sjálfsvirðingu, persónulegan þroska og að fá tækifæri til gefa af sér, félagslegur stuðningur og mikilvægi þess að hafa reglubundna dagskrá og langtímamarkmið. Einnig var samsvörun á milli kanadísku rannsóknarinnar og við hugmyndafræði og starfsemi Hlutverkaseturs. Boðið er upp á þá iðju í Hlutverkasetri sem þátttakendur rannsóknarinnar tilgreindu sem mikilvæga til að efla heilsu og vellíðan, s.s. fjölbreytt listnámskeið, líkamleg þjálfun og stuðningshópar. Það sem skortir í Hlutverkasetri er aðgengi

að fjölbreyttari þjónustu og aðgangur að þverfaglegum faghópi. Það myndi styrkja starfsemi Hlutverkaseturs ef ákveðin heilsugæslustöð og félagsþjónustumiðstöð væru til taks um að vinna saman í nánara samstarfi og veita reglubundinn faglegan stuðning og auðvelt aðgengi að sér þegar þess þyrfti.

Taryn Schulte, iðjuþjálfanemi frá University of Alberta, Canada tók eigindleg viðtöl við níu skjólstaðinga sem mættu reglulega í Hlutverkasetur. Markmiðið með viðtölunum var að varpa ljósi á hvers vegna viðmælendur stunduðu Hlutverkasetur sem hluta af sínu bataferli. Viðtölin fóru fram ýmist í formlegum viðtölum og með óformlegri hætti. Tveir af viðmælendunum voru komnir í hlutastörf í framhaldi af veru sinni í Hlutverkasetri. Taryn bað viðmælendur m.a. um að segja frá atburðum sem höfðu haft áhrif á líf þeirra og á hvern hátt Hlutverkasetur hefði stutt eða ekki stutt við þá í bataferlinu.

Helsta niðurstaða könnunarinnar var að það sem skipti viðmælendur mestu máli var að þátttaka í Hlutverkasetri mætti grunnþörf þeirra, að tilheyra einhverju/einhverjum (sense of belonging) og dró úr einsemd þeirra. Eftirfarandi eru beinar tilvitnanir í svör viðmælenda og hvað þau nefndu sérstaklega um það sem skipti þau mestu máli. *„Engin pressa að fylla út alls kyns eyðublöð... Vera í tengslum við fólk... Hjálpar mér að komast yfir feimnina og út fyrir þægindarammann... Valdeflandi andrúmsloft... Heimilislegt... Ég finn að ég er ekki einn... Gefur mér tilgang... Góður staður, hitti fordómalaust fólk... Frelsistilfinning.“*

Mömmuleikninámskeiðið sem Helga Magnea Þorbjarnardóttir, iðjuþjálfari sá um, var metið með því að láta þátttakendur svara spurningum í lok námskeiðanna. Allar mæðurnar voru ánægðar með námskeiðið og þær tóku fram að þær kunnu sérstaklega að meta einstaklingsviðtölin og eftirfylgdina. *„Ég öðlaðist meiri skilning sem án efa er góður fyrir stelpuna mína og mig... Ég lærði margt sem ég er mjög sátt við og fór fram úr væntingum mínum... Mömmuleiknin hefur auðveldað mér samskipti, gefið hugmyndir af hlutum sem hægt er að auðvelda, börnin jákvæðari... Mömmuleikni hefur farið fram úr mínum vonum. Ég er komin með fullt af verkfærum/ráðum... Fyrirlesari er einstaklega opin og skemmtileg og tilbúin að ráðleggja og sækja ráð annarsstaðar ef þarf... Góð tímasetning á námskeiðinu, hæfilega langt. Gott efni, finnst að viðtöl ættu að vera skylda og fleiri en eitt viðtal... Gott að heyra að ég er ekki ein og fá áminningu um hluti sem ég vissi en gerði samt ekki... Mjög þörf fræðsla“. Þegar spurt var hvað mætti betur fara eða vera öðruvísi. *„Mætti kynna sig betur í fyrsta tíma til að mynda góðan hóp... Þarf að fræða feður líka, erfitt að reyna að útskýra allt fyrir pabbanum... Vantar að hafa borð til að sitja við og geta skrifað... Mættu vera gjaldfrjáls bílastæði“.**

Útrás atvinnuþátttaka

Verkefnið stefnir að því að auka þátttöku geðsjúkra á vinnumarkaði. Andri Vilbergsson og Sylviane Lecoultre, iðjuþjálfar starfa við verkefnið. *Útrás* aðstoðar við að undirbúa, þjálfa og fylgja viðkomandi eftir inn á nýja vinnustaðnum ásamt ráðgjöf til handa væntanlegu samstarfsfólki. Markhópur *Útrásar* eru einstaklingar sem lokið hafa hefðbundinni starfsendurhæfingu, en ekki náð að skila sér út á vinnumarkaðinn í framhaldinu. Hluti af hópnum hafa þegar verið úrskurðaðir óvinnufærir, en hafa löngun til að vinna þó það væru aðeins nokkrir tímar á dag eða í tímabundinni vinnu. Frá áramótum hafa 46 einstaklingar komið í *Útrás* og fengið ráðgjöf og handleiðslu til að komast aftur út á vinnumarkaðinn. Tuttugu og fjórir eru í vinnu og fá eftirfylgd, sex veiktust, sex fóru í önnur úrræði s.s. Hvítabandið eða nám og tíu eru nú í virkri atvinnuleit. Þrír einstaklingar bættust við á árinu við þá átta einstaklinga með notendareynslu sem hafa fengið vinnu tímabundið í 20-40% hlutastörfum í Hlutverkasetri. Átta fundir voru haldnir til að efla samvinnu á milli velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, og Hlutverkaseturs. Markmiðið með fundunum var að útbúa verklag til að auka atvinnuþátttöku íbúa sem búa í íbúakjörnum. Ákveðið var að atvinnuþátttakan myndi tengjast félagslegri liðveislu annarra íbúa sem búa í/fá þjónustu frá búsetukjörnunum. Verkefnið er tilraunaverkefni til 2 ára. Ákveðið var að byrja með einn einstakling sem þegar hefur notið leiðsagnar *Útrásar* og unnið sem liðveitandi fyrir samfélagsteymi geðsviðs LSH. Verkferlið á að vera fyrirmynd fyrir aðra sem á eftir koma. Það tók mun lengri tíma að innleiða verkferla en áætlað var í upphafi.

Útrás er í samstarfi við eftirfarandi vinnustaði; Reiðtúr, Góða hirðinn, Hollt og Gott, Einstök Matvæli, Hagkaup, Café Loki, IKEA, Reykjavíkurborg, Hertex, Travel og Pipar auglýsingastofu.

Samningur við Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg samdi við AE starfsendurhæfingu/Hlutverkasetur til þriggja ára, 2016 - 2018. Aðaláherslur í samningnum fyrir þessi þrjú ár er atvinnuþátttaka fólks með skerta starfsgetu, í samvinnu við *Útrás* fyrir íbúa í þjónustukjörnum á vegum Reykjavíkurborgar. Til nánari skýringar á textanum þá eiga tölur utan sviga við árið 2017, tölur í svigum við fyrir árið 2016 og eru þær hafðar með til samanburðar. Á árinu 2017 voru 46 (58) einstaklingar skráðir á vegum Reykjavíkurborgar. Um er að ræða 32 (45) karla og 14 (13) konur, þar af voru 21 (25) Íslendingar og 25 (33) af erlendum uppruna. Fjölgun erlendra karlmanna hafði þrefaldast á milli árána 2015 – 2016. Tilkynningar eru sendar reglulega til þjónustufulltrúa Reykjavíkurborgar um hvað sé á döfinni. Virkniráðgjafar og félagsráðgjafar komu oft með skjólstæðingum sínum í Hlutverkasetur. Eins og undanfarin ár hafa einstaklingar komið af eigin hvötum í kynningar. Sylviane Lecoultre sinnti þeim einstaklingum af erlendum uppruna sem beint er til Hlutverkaseturs af félagsþjónustunni eða hafa komið á eigin vegum. Margir þeirra eru frönskumælandi karlmenn sem tala enga íslensku og litla sem enga ensku. Frá áramótum hefur hún haft samskipti við 15 (20) slíka einstaklinga, 5 (13) hafa fengið ýmskonar ráðgjöf og aðra hefur hún aðstoðað með ýmsum hætti. Aðstoðin hefur m.a. tengst því að vera í samskiptum við eftirfarandi stofnanir: Vinnuálastofnun, Rauða kross Íslands, Félagsþjónustuna, Útlendingastofnun, lögfræðinga, vinnuveitendur og Ríkisskattstjóra.

NsN úttekt Erla Björg Sigurðardóttir, deildarstjóri gæða og rannsókna hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar, óskaði eftir samstarfi við NsN hópinn. Í framhaldinu var gerð NsN úttekt um margbreytileika í starfsmannahópi á sambýlum og búsetukjörnum fyrir fatlað fólk á vegum Reykjavíkurborgar. Niðurstöður voru kynntar aðilum gæðamála velferðarsviðs og farið yfir framtíðaráskoranir. Sex notendastarfsmenn Hlutverkaseturs, oftast tveir og tveir saman skiptu á milli sín að taka viðtöl við 18 einstaklinga, 11 karla og 7 konur. Aldursbil 24 ára til 70 ára. Lengd búsetu var frá 9 mánuðum upp í 24 ár. Tíu mismunandi kjarnar tóku þátt. Úttektin fór fram á fjögurra mánaða tímabili, febrúar til maí. Þrettán viðtalanna fóru fram á heimilum íbúa, fjögur í Höfðatorgi og eitt í Hlutverkasetri. Við þrjá íbúa þurfti að tala við tvisvar sinnum. Töluverður munur var á stöðunum, bæði hvað varðar fötlun íbúa og áherslur í starfsseminni. Íbúar voru ýmist líkamlega fatlaðir, andlega fatlaðir eða hvoru tveggja.

Helmingur viðmælenda sagðist vera með einstaklingsáætlun eða eitthvað plan. Þó að til væri plan var ekki sjálfgefið að eftir því væri farið. Allir viðmælendur sögðust hafa eitthvað fyrir stafni á daginn. Þeir viðmælendur sem stunduðu vinnu, nám eða voru virkir yfir daginn voru yfirleitt ánægðari með starfsmenn og fannst þeir hafa gott aðgengi að þeim. Neikvæð samskipti við starfsmenn var aðal umkvörtunarefnið. Þeir viðmælendur sem voru að glíma við líkamlegar fatlanir kvörtuðu frekar, en þeir sem áttu við geðræn vandamál að stríða. Þetta tengdist oftast lélegu aðgengi að starfsmönnum, sem og skorti á upplýsingum. Skiptar skoðanir voru varðandi upplýsingaflæðið, sumir voru ánægðir aðrir ekki. Viðmælendur kvörtuðu ekki undan aldursdreifingu starfsmanna. Það sem skorti væru karlkyns starfsmenn. Karlkyns íbúar sögðu að þessi skortur hindraði þátttöku þeirra í samfélaginu. Þeir sem áttu við geðfatlanir að stríða virtust almennt ekki gera meiri kröfur til starfsmanna en að þeir væru til öryggis, ef á þyrfti að halda.

Eftirfarandi þyrfti að skoða nánar: Kanna þarf frekar hvort íbúar gætu haft meira val um hver styddi þá og endurskoða hvort hægt sé að nýta það fjármagn sem þegar er veitt á annan hátt. Er hægt að nýta fjármuni meira í persónulega aðstoð í stað þess að manna vaktir á íbúakjörnum? Íbúar með geðræn vandamál virtust ekki gera miklar kröfur til starfsmanna. Þeir sáu hlutverk starfsmanna fyrst og fremst sem öryggi en ekki sem leið til að eflast eða til að virkja þá til frekari þátttöku í samfélaginu. Fjölga þarf karlkyns starfsmönnum til að karlkynsíbúar hafi meiri tök á að taka þátt í viðburðum utan íbúakjarnanna. Einnig þarf að skoða betur verkferla varðandi upplýsingaflæði og tryggja að það sé til staðar og aðgengilegt.

Jafningjastuðningur og ráðgjöf Bergþór fundaði með starfsmönnum á Gunnarsbraut (3) og Sóleyjargötu (4) um á hvaða hátt væri hægt að efla íbúa kjarnanna og var í framhaldi af því byrjað með frísíggolf á Klambatúni, einu sinni í viku. Farið var í fimm skipti og mættu fjórir til sex íbúar í hvert skipti.

Bergþór fór í heimsókn til tveggja íbúa, í sitthvorum búsetukjarnanum, til að aðstoða þá með sín hagsmunamál, þar af annan íbúann fjórum sinnum. Viðtölin voru öll að beiðni viðkomandi íbúa. Orri fór með á Flókagötuna í byrjun sumar og ræddi hvernig mætti efla íbúana með þeim (7). Hugmynd kom að starfsmenn myndu bjóða upp á iðju sem miðlaði þekkingu innan áhugasviðs þeirra.

Bergþór var með fræðsluerindi um *Sjálfstætt líf* á Dalbraut (7) og Austurbrún (6).

Samningur við Vinnumálastofnun

Samningurinn á milli Vinnumálastofnunar og Hlutverkaseturs hefur tvíþætt markmið. Í fyrsta lagi að aðstoða með sértækum endurhæfingaraðgerðum einstaklinga með geðraskanir til þess að komast út á vinnumarkað eða finna annað starf við hæfi t.d. með því að mennta sig frekar. Í öðru lagi stendur úrræðið einnig þeim til boða sem standa höllum fæti vegna skorts á grunnmenntun eða annarri hæfni og hafa því færri atvinnutækifæri. Úrræðið hentar einnig þeim sem vilja auka lífsgæði sín og virkni t.d. langveikum. Samningurinn gildir til ársloka 2019.

Heildarfjöldi þeirra sem skráðir voru á vegum Vinnumálastofnunar s.l. ár var svipaður og á árinu 2016. Á árinu 2017 komu 202 (200) einstaklingar. Í hverjum mánuði komu 55 - 97 (57 - 117). Kynjahlutfallið var karlar 115 (100) en konur 87 (100) (tafla 1) og meðalaldur var 40 ár (42) (tafla 1).

Komur, aldur og kynjahlutfall

	2016	2017
Komur á ári	200	202
Komur á mánuði	57-117	55-97
Aldursdreifing	42	40
Kynjahlutfall - karlar	100	115
Kynjahlutfall - konur	100	87

Tafla 1

Aldursdreifing þátttakenda

Aldursdreifing	Fjöldi	%
18-29	50	24,8
30-39	68	33,7
40-49	34	16,8
50-59	36	17,8
60+	14	6,9
Alls	202	100


Tafla 2

Við komuna í Hlutverkasetur meta iðjubjálfar mismunandi þarfir hvers og eins. Einstaklingar sem þurfa lítinn sem engan stuðning tilheyra fyrsta flokknum og svo eftir sem þörf á stuðningi eykst hækkar flokksnúmerið. Meirihluti þátttakenda í Hlutverkasetri voru í þjónustuflokki 2 - 4 (tafla 3).

Þegar framfærsla er skoðuð eru flestir þátttakendur á örorkubótum og endurhæfingarlífeyri (70%), sjá töflu 4. Flestir þátttakendur koma frá Reykjavík (84%). Tafla 5 sýnir nánari búsetudreifingu þátttakenda. Helmingur þátttakenda kom að eigin frumkvæði, en öðrum var vísað til Hlutverkaseturs af fagaðilum eða af öðrum úrræðum. Tilvísunaraðilar eru aðallega Geðsvið LSH, þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar og fagaðilar (42%), sjá töflu 6.

Í töflu 7 má sjá hvernig samfélagsþátttaka þeirra sem hafa nýtt sér þjónustuna eykst. Veran leiðir yfirleitt til meiri virkni einstaklinga sem leiðir af sér meiri áhugahvöt og vilja til þátttöku úti í samfélaginu. Margir halda áfram að nýta sér Hlutverkasetur sem bakland. Margir vilja sækja í það tengslanet sem þeir hafa myndað. Margir eru einnig með eftirfylgd af starfsfólki Hlutverkaseturs til stuðnings við nám, atvinnuþátttöku, hjálparstörf o.fl.

Tafla 3



Innkoma

Innkoma	Fjöldi	%
Atvinnuleysibætur	12	6
Örorkubætur	106	52
Endurhæfingarlífeyri	37	18
Félagsstyrkur	6	3
Vinna	7	3
Óþekkt	28	14
Sjúkradagpeningar	6	3
Nemar	0	0
Samtals	202	100

Tafla 4

Búseta þátttakenda

Bæjarfélag	Fjöldi	%
Reykjavík	169	84
Kópavogur	14	7
Garðabær	3	1
Hafnarfjörður	8	4
Mosfellsbær	2	1
Seltjarnarnes	1	0
Reykjanesbær	1	0
Annað	4	0
Alls	202	100

Tafla 5

Tilvísunaraðilar

Tilvísunaraðilar	Fjöldi	%
Rvk	13	6
LSH	40	20
VMST	3	1
Önnur úrræði	10	5
Virk	2	1
Aðrir fagaðilar	33	16
Á eigin vegum	101	50
Samtals	200	100

Tafla 6

Samfélagsþátttaka

Hvert	Fjöldi	%
Hlutverkasetur	81	40
Vinna	25	12
Nám	0	0
Önnur úrræði	47	23
Annað	49	24
Bið	0	0
Samtals	200	100

Tafla 7

Samstarf við úrræði og félagasamtök

Hlutverkasetur er með samstarf við önnur geð/bataúrræði og stofnanir til að samfella og þekking nýtist sem best á milli úrræða. Bergþór Böðvarsson og Edna Lupita unnu t.d. bæði í Hlutverkasetri og Batamiðstöðinni LSH v/Klepp. Náið samstarf var einnig við geðsvið LSH varðandi Mömmuleikni námskeiðin. Helga Magnea Þorbjarnardóttir, umsjónaraðili þeirra; starfar einnig þar. Anna Gréta Jónsdóttir sjálfboðaliði kenndi jóga á báðum stöðum.

Samstarf við geðsvið LSH. Starfsmenn og skjólstæðingar Batamiðstöðvarinnar og iðjubjálfar sem starfa við geðsvið LSH við Hringbraut komu reglulega í Hlutverkasetur á árinu. Samstarf var líka við Laugarásdeildina varðandi LAN. Sylviane Lecoultre og Elín Ebba Ásmundsdóttir voru með handleiðslu fyrir iðjubjálfa starfandi á geðsviði í febrúar, mars og apríl. Sjósund var stundað áfram einu sinni í viku og skjólstæðingum Batamiðstöðvarinnar var boðið með yfir sumartímamann. Fólk var hvatt að mæta þó að það færi ekki í sjóinn. Viðmót starfsmanna Ylstrandarinnar var til fyrirmyndar og hefur úrslitaáhrif hvort fólk komi á eigin vegum seinna.

Samstarf við geðræktarúrræðin. Tveir gestir Vinjar, Hörður Jónasson og Hjálmar Sigurvaldason komu einu sinni í viku og voru með skákkennslu. Þar mæta fjórir til sex skákmenn í hvert skipti. Skákmót var í Hlutverkasetri í júní og á Kleppi í desember, þar sem öllum búsetukjörnum var boðið. Frá og með áramótum var boðið upp á ýmis spil einu sinni í viku og frá haustinu tvisvar sinnum í viku.

Samstarf við Fjölmenn. Fjölmenn var með námskeið í Hlutverkasetri eftir jólin í spænsku. Tveir notendur fengu tækifæri að taka að sér forfallakennslu í spænsku sem heppnaðist vel. Á haustönn hélt Fjölmenn námskeið í tölvulæsi þar sem kennt var það nýjasta í rafrænum heimi t.d. notkun í gegnum facebook og spjaldtölvur. Vegna dræmrar þátttöku almennt á námskeiðum Fjölmennar af hálfu úrræða var fundað nokkrum sinnum með Fjölmenn og fulltrúum annarra úrræða. Markmið fundanna var að finna ný námskeið sem höfða myndu betur til fólks með geðraskanir. Afraksturinn af þessum fundum var að Hlutverkasetur og Dvöl unnu saman og buðu upp á LAN, þar sem þátttakendur spila saman á samtengdum tölvum og keppa saman í liðum í rauntíma. Hlutverkasetur hafði þegar boðið upp á nokkur skipti í LAN árið 2016. Haldin voru þrjú námskeið á vegum Fjölmennar í LAN og mættu 10 manns í hvert skipti. Það fyrsta var haldið í Dvöl í Kópavogi og næstu tvö í Hlutverkasetri. Vegna áhuga og góðrar þátttöku var boðið upp á LAN tvisvar í viku frá kl. 16 – 20 frá júní og út árið á vegum Hlutverkaseturs. Samtals fimmtán einstaklingar nýttu sér þetta tilboð.

Samstarf við Soroptimistakonur. Helga Magnea Þorbjarnardóttir iðjubjálfi á geðsviði Landsspítala stýrði *Mömmuleikni* námskeiðum, sem haldin voru þriðja árið í röð. *Mömmuleikni* eru námskeið í tengslaeflandi nálgun ætlað mæðrum tveggja til fimm ára barna styrkt af Soroptimistakönnum. Námskeiðið var haldið bæði á haust og vorönn í alls 12 skipti. *Mömmuleiknin* var kynnt með tölvupósti og útprentuðum auglýsingum. Upplýsingar voru sendar til og kynntar á geðdeildum Landspítalans, FMB teymi Landspítalans (Foreldrar, Meðganga, Barn), Miðstöð foreldra og barna, Hlutverkasetri, Hugarafli, Félagsþjónustu Reykjavíkurborgar og Félagsþjónustu Kópavogs, Tinnuverkefni Reykjavíkurborgar og geðsviði Reykjalundar. Markhópurinn er mæður með geðrænan vanda. Flestar mæðurnar voru einstæðar með töluverð veikindi og áföll að baki. Á vorönn skráðu 16 mömmur sig til leiks, fimm mættu í öll skiptin og fimm mættu ekkert. Á haustönn skráðu 11 sig á námskeiðið og fimm af þeim mættu vel en fjórar óreglulega. Allar fengu hvatningu til að mæta daginn áður fyrir hvern tíma. Þrettán einkaviðtöl voru veitt, sem sex mömmur nýttu sér. Flestar mæðurnar þurftu töluverða hvatningu til að nýta sér einkaviðtölin. Eftir að hafa farið

Í fyrsta viðtalið vildu margar að einkaviðtölin væru skylda þar sem þau gáfust svo vel. Fimm mæður gáfu nafnlausu endurgjöf eftir námskeiðið, sjá undir lið árangursmat bls 7. Þær sem svöruðu voru ánægðar með námskeiðið, sem nýttist og styrkti þær í móðurhlutverkinu. Tilvitnun frá einni var síðan notuð í auglýsingu fyrir haustnámskeiðið, „Nógu góð mamma er málið“

Samstarf við Trausta Ólafsson. Trausti var með fjórar vinnustofur í psychodrama í janúar, febrúar, mars og apríl og var hver þeirra ellefu stundir. Hist var á föstudögum eftir hefðbundinn vinnutíma og allan laugardaginn. Þátttakendur voru frá sex til átta talsins. Sumir sóttu allar vinnustofurnar en aðrir eina eða fleiri. Trausti sá um viðburðinn *Öðruvísi dag* í setrinu sem haldin var í byrjun apríl. Þátttakan var góð og 40-50 manns komu og tóku þátt í dagskránni. Trausti tengist starfsemi Leiksmiðjunnar Friggjar í Garðabæ. Sjö manns fóru í kynnisferð þangað. Einn til fimm þátttakendur úr Hlutverkasetri ásamt fleirum tóku þátt í eftirtöldum uppákomum á vegum leiksmiðjunnar í apríl og maí; handrita- og hugmyndavinnu, þremur vinnusmiðjum, spunasmíðju, opnu húsi og örgötuleikhúsi á Garðartorgi.

Samstarf við Reykjavíkúrákademíuna. Samstarfið snerist um valdeflandi starf í gegnum stafræna sögugerð, e. *Digital Storytelling*. Notendur frá Hlutverkasetri fóru á 12 tíma námskeið í mars hjá þeim og síðan fóru þeir á framhalds vikunámskeið í Trebnji í Slóveníu í september. Verkefnið var í samstarf Litháa, Slóvena og Finna og var styrkt af Evrópusambandinu. Þau sömu tóku þátt í málþingi um *Digipower* á vegum akademíunnar í lok nóvember þar sem þau miðluðu reynslu sinni. Námskeið eru nú í boði í Hlutverkasetri í stafrænni sögugerð og stefnt er að birta hluta af afrakstrinum á nýrri heimasíðu setursins.

Samstarf við Halaleikhópin. Edna Lupita var í samstarfi við Halaleikhópin á vormánuðum og leikstýrði einu verki þar af þremur. Þeir úr leiklistarhópi Hlutverkaseturs komu að verkinu, tóku þátt í handritagerð, leikstjórn og leik.

Samstarf við Jakob S. Jónsson. Samstarfið var vegna SPACE. Swedish Project for Internships Abroad, in Cooperation with Europe, sem er verkefni fyrir ungt fólk á aldrinum 18-30 ára, sem stendur utan vinnumarkaðar. Verkefnið hefst með 3 mánaða undirbúningstíma á heimavelli, í Borås í Svíþjóð. Að því loknu er svo sex vikna starfsþjálfun erlendis og þetta sinn varð Ísland fyrir valinu. Lokastig verkefnisins er svo þriggja mánaða tímabil þar sem starfsþjálfuninni er fylgt eftir á heimavelli. Sveitarfélög þátttakenda fjármagna SPACE-verkefnið með stuðningi frá Evrópubandalaginu. Samvinna SPACE og Hlutverkaseturs var skipulögð af Hlutverkasetri og tengiliði SPACE á Íslandi, Jakobi S. Jónssyni, sem vann við verkefnið hér á landi gegnum fyrirtækið List og menningu ehf. Hlutverkasetur sá þátttakendum SPACE fyrir vikulegri íslenskukennslu. Kennari með notendareynslu hélt utan um kennsluna. Fleiri notendur fengu hlutverk í gegnum verkefnið svo sem að kynna Reykjavík fyrir þátttakendum, fara með þeim um borgina og leyfa þeim að upplifa iðju sem tengist menningu Íslendinga. Þátttakendurnir voru tíu talsins og voru ánægðir með dvöl sína í Hlutverkasetri og framlag setursins til þeirra. Haldi SPACE áfram á næsta ári, er fullur hugur beggja aðila að þróa samvinnuna og koma henni í fastara form.

Samstarf við vinnustaðinn Hertex. Samstarfið við Hjálpræðisherinn sem rekur Hertex er hugsað sem vinnuþjálfun áður en tekist er á við almennan vinnumarkað. Einstaklingar sem stefna út á vinnumarkaðinn geta byrjað í sjálfboðavinnu í fata- og nytjamarkaðnum hjá þeim. Alls hafa sex einstaklingar farið til þeirra og af þeim hafa fjórir haldið áfram í vinnu og tveir farið í önnur úrræði.

Kynningarmál og fjölmiðlaumfjöllun

Fjallað var töluvert um geðheilbrigðismál í fjölmiðlum á árinu. Starfsfólk og notendur Hlutverkaseturs tóku þátt í þeirra umræðu. Þeirra innlegg var aðallega fólgið í því að benda á mikilvægi forvarna, sjálfsákvörðunarréttar og góðrar tengslamyndunar í frumbersku. Einnig var komið inn á afleiðingar einsemdar og félagslegrar einangrunar.

Sýning heimildakvikmyndarinnar *I, Daniel Blake* um afleiðingar starfsgetumats sem var sýnd í Bíó Paradís leiddi til þess að fundur var haldinn í Hlutverkasetri þar sem 12 fulltrúar hinna ýmsu félaga mættu til að fjalla um áhrif myndarinnar. Fréttatíminn birti útdrátt af niðurstöðum umræðnanna.

Fimm karlmenn sem stunda Hlutverkasetur fóru í viðtal við Fréttatímamann um einmanaleika og einangrun karlmannna sem varð efni í tvær greinar. Greinaröð sem fjallaði um fátækt í íslensku samfélagi af ýmsum toga birtist í Fréttatímanum. Deildu nokkrir notendur frá Hlutverkasetri sögu sinni í þeim ritgreinum.

Þátttaka Elínar Ebbu Ásmundsdóttur:

- *Í boði náttúrunnar*: Tekið var ítarlegt viðtal við hana í janúar um mikilvægi sjósunds fyrir líkamlega og andlega heilsu.
- *Stöð 2, fréttir*: Viðtal var tekið við hana í febrúar um félagslega einangrun og og einsemd.
- *Bylgjan, morgunútvarp*: Í ágúst fór hún í viðtal í tengslum við forvarnir og geðheilsu. Megininntak viðtalsins var einnig birt á *visir.is* og varð mest lesna efnið þann daginn.
- *Mbl.is*: Tók viðtal við hana í september um forvarnir og mikilvægi tengslamyndunar í frumbersku.
- *RÚV, Rás 1, Mannlegi þátturinn*: Hún fór í viðtal í í október ásamt Helgu Magneu. Tílefnið var alþjóðadagur iðjuþjálfunar. Umræðuefnið var iðjuþjálfun almennt og *Mömmuleikninámskeiðið* í Hlutverkasetri.

Bergþór G. Böðvarsson kom fram í þættinum *Paradísarheimt* sem sýndur var á *Rúv* í febrúar - mars 2017. Helgi Valur Ásgeirsson fyrrverandi NsN starfsmaður kom einnig fram í sama þætti. Bergþór er í stjórn FC Sækó og sér um þjálfun liðsins. Fjallað var um FC Sækó á baksíðu *Morgunblaðsins* í janúarmánuði.

Helga Magnea Þorbjarnardóttir fór í viðtal í *Mannlega þáttinn* á Rás 1, RÚV, í október ásamt Elínu Ebbu.

Nefndarstörf og þátttaka á málþingum og ráðstefnum Orri Hilmarsson og Elín Ebba Ásmundsdóttir voru fulltrúar á samráðsvettvangsfundum úrræða á höfðuðborgarsvæðinu sem Geðhjálparstjórnir og hittist ca. einu sinni í mánuði.

Ágústa Ísleifsdóttir var varafulltrúi Hlutverkaseturs í *notendaráði Reykjavíkur og Seltjarnarness* fyrri hluta árs. Ágústa sá einnig um sjálfshjálparhópinn *Á tali* í Hlutverkasetri einu sinni í viku.

Árni Árnason var aðalfulltrúi Hlutverkaseturs í *notendaráði Rvk*. Orri Hilmarsson tók við af Ágústu sem varafulltrúi.

Auðna Ýrr Oddsdóttir var kosin í *stjórn Bataskólans*, hún var einnig fulltrúi *Geðhjálpar* á fundi Mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar í nóvember.

Bergþór G. Böðvarsson:

- Sat í stjórn *Geðhjálpar* á starfsárinu.
- Hann átti sæti í tveimur nefndum; *Sjálfstætt líf* á vegum ÖBÍ og nefnd á vegum *Velferðarvaktarinnar* sem er á vegum ríkisins.
- Hann byrjaði undirbúning sem jafningjafræðari í *Bataskóla Íslands*.

- Hann var aðalræðumaður við afhendinga *Hvatningarverðlauna ÖBÍ* í desember. Hann hlaut þessi hvatningarverðlaunin 2011. Elín Ebba Ásmundsdóttir:
- Hún sat fund heilbrigðismálaráðherra í apríl og fund jafnréttis- og félagsmálaráðherra í maí í tengslum við geðheilbrigði og atvinnuþátttöku.
- Hún fékk viðurkenningu fyrir störf sín við Háskólann á Akureyri á ársfundi HA í júní en Elín Ebba lauk 18 ára starfi þar, lengst af sem dósent. Hún heldur áfram að taka að sér stundakennslu og kenndi iðju-, hjúkrunar- og lögreglufræðinema HA á haustmánuðum.
- Í september var hún beðin um að halda erindi um geðheilbrigði ásamt fleiri sérfræðingum á málþingi Sósílistaflokksins.
- Í október tók hún þátt 10 ára afmæli KVEN – félagi kvenna í nýsköpun. Hún tók einnig þátt þegar Erasmus hélt upp á 30 ára afmælið sitt í nóvember tengt fullorðinsfræðslu.

Sylviane Lecoultre. Hún situr í stjórn *Geðhjálpar*, stjórn *ÖBÍ* og í stjórn *Lífsvirðingar*. Hún er einn af stofnendum *Lífsvirðingar* sem er félag sem tengist sjálfsákvörðunarrétti um dánarstund. Í lok janúar var viðtal við hana í *Stundinni* í tengslum við dánaraðstoð.

Guðmundur Arnar Sigurðsson og María S. Gísladóttir: Héldu erindi og sýndu stuttmynd á málþingi Reykjavíkurakademíunnar um *Digipower- stafræna sögugerð* og áhrif ferðarinnar til Slóveníu, í lok nóvember.

Helga Magnea Þorbjarnardóttir: Hélt tvö erindi um *Tengslaeflandi nálgun*, fyrra á degi iðjuþjálfunar í október í BHM húsinu og það seinna á Landspítalanum fyrir starfandi iðjuþjálfara þar.

Endurmenntun

Starfsfólk Hlutverkaseturs sinnir endurmenntun með ýmsum hætti. Anna Henriksdóttir, myndlistakennari sótti námskeið í vatnslitamálun í júní og tók einnig námskeið í módelteikningu á vegum Myndlistarskólans í Kópavogi. Heiðdís Traustadóttir og María Gísladóttir, starfsmenn með notendareynslu í Hlutverkasetri, sóttu einnig það námskeið.

Bergþór Grétar Böðvarsson. Hann sótti tvö námskeið þar sem farið var yfir Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Sérstök áhersla var lögð á réttindi geðfatlaðra og vinnuna við gerð sáttmálans. Fyrra námskeiðið var í HÍ á vegum fötlunarfræðarinnar til undirbúnings fyrir Galway sumarháskólann. Seinna námskeiðið var síðan í Galway á Írlandi. Sylviane Lecoultre sótti einnig námskeiðið. Bergþór tók II. stig í fótboltaþjálfun, hjá KSÍ til stuðnings þjálfarhlutverki sínu.

Elín Ebba Ásmundsdóttir. Í byrjun árs fór hún á fræðslufund BHM um undirbúning að starfslokum og töku lífeyris. Hún sat ráðstefnu á vegum *Spirit and Humanity Forum* í lok apríl og var umræðustjóri í hópastarfi. Þrír notendur gengdu sjálfboðaliðastörfum á ráðstefnunni. Hún tók þátt í Málþingi geðsviðs LSH *Stiklað á stóru* í maí á Hótel Sögu. Í september sat hún málþingi í Janus þar sem kynnt var nýtt forrit hvernig halda megu utan um gögn í starfsendurhæfingu, spá um árangur og endurhæfingarlengd. Hún fór á fyrirlestur hjá Freyju Haraldsdóttur sem fjallaði um niðurstöður rannsóknar hennar *Stilltar konur, fatlaðar konur og sálrænar afleiðingar af margþættri mismunun*. Henni var boðið að vera með á stefnumótunarfundi geðsviðs LSH í september í Iðnó. Elín Ebba sótti einnig tvær ráðstefnur í Þrándheimi í október. Önnur var á vegum NAPHA sem tengir háskólasamfélag og þá sem veita geðheilbrigðisþjónustu m.a. með námskeiðum og fræðslu. Ráðstefnan bar titilinn *Utvikling og bruk av kunnskap í psykist helsearbeid*. Þar voru dregnar fram nýjustu rannsóknir í geðheilbrigði og hvernig best er að

útfæra niðurstöðurnar á vettvangi. Seinni ráðstefnan fjallaði um notendastarfsmenn og hvernig reynsla og þekking þeirra nýtist sem best í meðferðarstarfi og bar yfirskriftina *Opplæring av erfaringskonsulenter*. Í Bærum, Osló, heimsótti hún virknimiðstöð sem sveitarfélagið rekur. Hún sat doktorsvörn Ciara S. Brennan í desember í HÍ í fötlunarfræði um *Sjálfstætt líf og notendastýrða persónulega aðstoð á Norðurlöndum: Sjónarhorn mannréttinda*.

Kristín Sigursteinsdóttir, sótti námskeið í *markmiðasetningu* hjá Dale Carnegie á vorönn 2017. Hún fór á nokkur stutt námskeið á vegum BHM á vorönn; *Jafnvægi í lífi og starfi* og námskeið í *skapandi hugsun í samskiptum*. Hún sótti námskeiðið *Search Inside Yourself*, dagsnámskeið í núvitund hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Hún tók þátt í námskeiði um *geðrof* hjá Bataskólanum. Hún var þátttakandi í *Verndarar barna* á vegum Blátt áfram samtakanna. Hún tók þátt í *Global Leadership Summit* í Háskólabíó í nóvember. Hún fór á námskeið um hvernig sækja á um styrki hjá Evrópu unga fólksins.

Guðmundur Arnar Sigursson, fór á þrjú spunanámskeið hjá Improv Ísland. Hann sótti námskeið í stafrænni sögugerð á vegum Reykjavíkurakademíunar og á viku námskeið um sama efnið til Slóveníu ásamt Maríu S. Gísladóttur og Davíð Frímannssyni. Hann hefur miðlað þessari reynslu með því að vera með námskeið til að kynna aðferðina á vegum Hlutverkaseturs í vetur.

María S. Gísladóttir, sótti námskeið í módelteikningu á vegum Myndlistaskólans í Kópavogi í júní. Á haustdögum fór hún á námskeið í stafrænni sögugerð og á vikunámskeið um sama efni til Slóveníu ásamt Guðmundi og Davíð. María var einnig með á námskeiðinu *Verndarar barna* í desember á vegum Blátt áfram samtakana ásamt Kristínu Iðjubjálfa. Í sama mánuði fór hún á námskeið um *heimilisfrið* á vegum Bjarkarhlíðar, nýstofnaðrar miðstöðvar, þar sem Andrés Ragnarsson hélt erindi.

Sylviane Lecoulte: Hún fór á fyrirlestur með Rob Jonquière framkvæmdastjóri heimssamtaka *Right to Die Societies* í janúar. Hún sat á vegum ÖBÍ á opin fund á Grand Hótel á vegum kjarahóps ÖBÍ um *Skattaskerðingar og húsnæði* í mars. Einnig sat hún kynningarfund hjá Geðhjálpar um *Happ og hamingjuna*. Í maí hitti hún Erasmus hópinn sem er að vinna að nýju kennslumódeli fyrir hjúkrunarfræðinga. Hún tók þátt í námskeiði í maí hjá Rannveigu Traustadóttur, prófessor í fötlunarfræðum, til undirbúnings fyrir þátttöku í alþjóðlega Galway sumarháskólanum á Írlandi. Sumarskólinn fjallaði þetta árið um *samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks*. Í lok ágúst fór hún á fræðslufund hjá Arionbanka um *Framúrskarandi fjáröflun*. Haustið 2017 fór hún til Guineu í fylgdi ungs innflytjanda sem hefur notið aðstoðar hennar í Hlutverkasetri sl. þrjú ár. Í nóvember sat hún málþing ÖBÍ þar sem fulltrúar alla þingflokka mættu og bar yfirskriftina *Bætum kjör*. Fræðslukvöld hjá Geðhjálpar – *Batasögur* var hún þátttakandi á sem haldið var í október. Hún fór á málþing á Grand Hótel á vegum Geðhjálpar/Virk nefnt *Hvernig líður þér í vinnunni?*

Elín Ebba og Sylviane Lecoulte tóku báðar þátt í eftirfarandi málþingum og fagraðstefnum fyrir hönd Hlutverkaseturs:

- Í janúar fóru þær á fræðslufund á vegum Iðjubjálfafélags Íslands þar sem Guðrún Pálmadóttir dósent á heilbrigðisvísindasviði fór yfir *fagþróun iðjubjálfastéttarinnar*.
- Í apríl fóru þær á málþing ÖBÍ um *Skóla án aðgreiningar* og á Örráðstefnu Virk á Grand Hótel *Breyttir tímar – nýjar áherslur*. Þær mættu á kynningu á *Bataskólanum* í Ráðhúsi Rvk.
- Í maí fóru þær á kvikmyndina *Cause of Death* á vegum Geðhjálpar. Einnig voru þær þátttakendur á Málþingi Hugarafis á Hótel Nordica, *Lyfjamíðað samfélag – geðlyfjanotkun á Íslandi*
- Þeim var boðið á ársfund VMST á Grand Hótel þar sem atvinnutengd erindi voru flutt. Þær fóru einnig á ársfund VIRK. Þær voru boðnar á útskrift nema úr

Hringsjá bæði í maí og desember.

- Í september fóru þær á fyrirlestur um *sjálfsvígsforvarnir*, sérstaklega ætluðum fagfólki á vegum Landlæknisembættisins hjá DeCode.
- Í október sátu þær fyrirlestur á Hótel Náttura þar sem Anna Lawson, breskur lagaprófessor hélt fyrirlestur um *viðeigandi aðlögun á vinnumarkaði fyrir fatlaða*. Auk þess sóttu þær ráðstefnu á vegum Geðhjálpar í október sem nefndist *Börnin okkar*. Þær fóru einnig á fund á vegum Geðhjálpar þar sem frambjóðendur kynntu stefnumál sín í geðheilbrigðismálum. Alþjóðlegi iðjuþjálfadagurinn var í október og í tilefni af honum kom iðjuþjálfinn Julie Scott og greindi frá átaki sem breskir iðjuþjálfar gerðu til að sýna fram á sparnað í tengslum við iðjuþjálfun sem bar heitið *Occupational therapy- Improving Lives, Saving Money*.
- Í lok október flutti Professor Gerard Quinn frá NUI Galway, erindi um tilurð sáttmála Sameinuðu Þjóðanna og samning um réttindi fatlaðra í Hátíðarsal HÍ.
- Í nóvember sátu þær tvo fundi með Notendaráði Reykjavíkurborgar. Fyrri fundurinn tengdist átaki sem velferðarsvið er að hefja til að skapa fleiri störf með fötluðu fólki. Sá seinni var samráðsfundur vegna nýrra tillaga sem snúa að atvinnumálum fatlaðs fólks. Tillögurnar koma frá stýrihópi sem skipaður er af pólitískum fulltrúum en með hópnum hefur starfað starfsfólk frá Mannréttindaskrifstofu, velferðarsviði og mannauðsdeild Reykjavíkurborgar.
- Í desember sátu þær málþing um *mannréttindi* á vegum forsætisráðuneytisins. Einnig sátu þær hátíðarfund í tengslum við Hvatningarverðlaun ÖBÍ.

Þakkir stjórnar

Eins og áður á stjórn Hlutverkaseturs mörgum að þakka. Fyrst er að nefna starfsfólk, sjálfboðaliða, þátttakendur, styrktaraðila, samnings- og samstarfsaðila og þá sem boðið hafa þátttakendum Hlutverkaseturs á ýmsa listviðburði. Gleðilegt var að stór hópur frá Hlutverkasetri fór saman í fjögurra daga sumarbústaðaferð en er það í fyrsta sinn sem tekið er upp á slíkri orlofsferð. Stjórnin lýsir yfir ánægju sinni og sérstaks þakklætis til Bergmáls, líknar- og vinarfélags, og Samhjálpar sem gerðu þessa ferð mögulega. Í ár voru notendur Hlutverkaseturs á faraldsfæti og farnar voru tvær utanlandsferðir. Annars vegar fór hópur til Noregs í tengslum við FC Sækó - geðveikan fótbolta og hins vegar fóru þrír til Slóveníu til að kynna sér stafræna sögugerð. Er þetta góð viðbót við fjölbreytt og metnaðarfullt starf Hlutverkaseturs.

Þá ber að þakka sérstaklega nokkrum hollvinum Hlutverkaseturs. Soroptimistakonur í Reykjavík hafa styrkt tvö verkefni í Hlutverkasetri. Annað er námskeiðið *Mömmuleikni* sem Helga Magnea Þorbjarnardóttir iðjuþjálfari hefur þróað og stýrt og hitt verkefnið gekk út á aðstoða konur með sérstaka hæfileika við að finna sér farveg út á vinnumarkaðinum. Það var því gleðilegt að Alþjóðasamtök Soroptimistaklúbba veittu Soroptimistakonum í Reykjavík tilnefningu til viðurkenninga á árinu fyrir bæði þessi verkefninu í sitthvorum flokknum sem "Best Practices". Reykjavíkurborg og ÖBÍ er einnig þakkað fyrir að hafa stutt leikhóp Hlutverkaseturs sérstaklega vel þetta árið.

Eins þakkar stjórnin þeim fyrirtækjum sem hafa gefið notendum Hlutverkaseturs tækifæri til að aðlagast vinnumarkaðnum smátt og smátt, með því að veita þeim hlutastörf og ný tækifæri á vinnumarkaðnum. Hugmyndafræðin um valdeflingu í verki í þjónustu við fólk með geðraskanir á enn við í dag rúmum áratug eftir að Hlutverkasetur var sett á fót með þá sýn að leiðarljósi. Ánægjulegt er að finna nú að stefnan er orðin ríkjandi og er það m.a. frumkvöðlum eins og

stofnendum Hlutverkaseturs að þakka. Megi næsta starfsár Hlutverkaseturs færa notendum okkar stóra sem smáa sigra og styrkja starfsemi Hlutverkaseturs enn betur í sessi.

Fyrir hönd stjórnar Hlutverkaseturs,

Sæunn Stefánsdóttir, formaður stjórnar